

M-24/2009 Álit 15. júní 2009

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 15. júní 2009 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-24/2009:

I

Hinn 25. mars sl. bað lögmaður húsfélagsins X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna viðskipta félagsins við fyrirtækið Y. Með bréfi, dags. 30. mars, gaf kærunefndin fyrirtækinu kost á andsvörum við kröfugerð álitsbeiðanda og málatilbúnaði og frest til að skila andsvörunum til 15. apríl. Lögmaður fyrirtækisins bað um lengri frest en síðar upplýsti hann að fyrirtækið ætlaði að höfða dómsmál gegn húsfélaginu vegna þess ágreinings sem lögmaður húsfélagsins hafði beðið kærunefndina um álit á. Kærunefndin hefur fengið upplýsingar um að framangreint dómsmál verði þingfest 23. júní nk.

Í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 segir eftirfarandi: „Nefndin vísar máli frá hafi dómur þegar fallið í því eða það er til meðferðar dómstóla eða gerðardóms.“ Þetta reglugerðarákvæði verður að skilja svo að kærunefndinni beri að vísa álitsbeiðni frá enda þótt mál sé höfðað eftir að álitsbeiðni berst nefndinni sé dómsmálið um sama ágreiningsefni og álitsbeiðnin nær til eins og er í því tilviki sem hér um ræðir. Verður af þessum sökum að vísa frá kærunefndinni álitsbeiðni húsfélagsins X.

II

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

